

Kæru iðjupjálfar og iðjupjálfanemar nær og fjær!

Þá er komið að því, **Skólatöskudagarnir** nálgast!

Vikuna 21. - 25. september 2009 mun Iðjupjálfafélagið standa fyrir Skólatöskudögum í samstarfi við Lýðheilsustöð.

Skólatöskudagarnir voru haldnir víða um land síðastliðið haust og þótti takast vel, 70 iðjupjálfar og iðjupjálfanemar tóku þátt, og farið var í 130 bekki í 36 skólum. Skólatöskudagar eru árlegur viðburður þar sem áhersla er lögð á forvarnir og kynningu á faginu og er þetta í fjórða sinn sem þeir eru haldnir.



Hugmynd Fræðslu- og kynningarnefndar er að iðjupjálfar heimsæki grunnskóla landsins, verði með fræðslu um notkun skólatöskunnar og vigti barn og skólatösku til að kanna hvort þyngd töskunnar sé hæfileg fyrir barnið.

Hvað felst í þátttöku í skólatöskudögum:

- Senda nefndinni upplýsingar s.s. fjölda skóla, bekkja, nemenda og heimilisfang til að senda gögn á (þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðis og Akureyrar).
- Sækja gögn og undirbúa skóla fyrir heimsóknina.
- Fræða nemendur og vigta skólatöskur.
- Taka saman gögn og skila til nefndar.

Reynst hefur vel að tveir til þrír iðjupjálfar/iðjupjálfanemar vinni saman þar sem töluverð vinna er í kringum fræðslu, vigtun og skráningu upplýsinga. Ekki er ætlunin að iðjupjálfar taki heila viku frá störfum í verkefnið heldur finni dag eða hluta úr degi þessa viku sem hentar til að heimsækja skóla.

Það hefur sýnt sig að ekki skiptir máli innan hvaða sviðs iðjupjálfar starfa sem taka þátt – við höfum öll eitthvað til málanna að leggja.

Þeir iðjupjálfar/iðjupjálfanemar sem hafa tök á að taka þátt í Skólatöskudögnum vinsamlegast skráið þátttöku ykkar fyrir **3. september** til fræðslu- og kynningarnefndar á **eftirfarandi netfang**: fraedslunefnd.ii@sigl.is

Nánari upplýsingar berast síðar.

Með bestu kveðju frá Fræðslu- og kynningarnefnd,

Björg Hreinsdóttir,
Brynhildur Guðmundsdóttir
Helga Kristín Gestsdóttir,
Karen Björg Gunnarsdóttir,
Rakel Anna Másdóttir
Sigrún Jóna G. Eydal